

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli fyrir
söltuð ufsaflök framleidd á tímabilinu frá 1. febrúar til 31. maí 1984.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á söltuðum ufsaflökum fyrir framleiðslutímabilið frá 1. febrúar til 31. maí 1984.

Söltuð ufsaflök	DM pr. lest cif.
1650/Up FF	5 350,00
1250/1650 FF	4 900,00
1100/1250 FF	4 600,00
1000/1100 FF	4 300,00

Verðbil verður 3½% og miðast við verðhækkun eingöngu.

Greiðslur í sjóðinn verða 75% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu verðbili, en greiðslur úr sjóðnum 75% af verðbreytingu frá grundvallarverði án verðbils.

Grundvallarverð miðast við viðskiptagengi (skilagengi) eins og það verður á hverjum tíma.

Sjávarútvegsráðuneyti, 12. apríl 1984.

F. h. r.

Jón L. Árnason.

Kristín Magnúsdóttir.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli fyrir
óverkaðan saltfisk (tandurfisk) framleiddan á tímabilinu frá
1. febrúar til 31. maí 1984.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll fyrir óverkaðan saltfisk (tandurfisk) fyrir framleiðslutímabilið frá 1. febrúar til 31. maí 1984:

Óverkaður saltfiskur (tandurfiskur)	US \$ pr. lest fob.
Stórfiskur nr. 1	2 375,00
Millifiskur nr. 1	2 185,00
Smáfiskur 40/60 nr. 1	1 900,00
Smáfiskur 60/100 nr. 1	1 760,00

Verðbil verður 2% og miðast við verðhækkun eingöngu.

Greiðslur í sjóðinn verða 50% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu verðbili, en greiðslur úr sjóðnum 50% af verðbreytingu frá grundvallarverði án verðbils.

Grundvallarverð miðast við viðskiptagengi (skilagengi) eins og það verður á hverjum tíma.

Sjávarútvegsráðuneytið, 12. apríl 1984.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Kristín Magnúsdóttir.